

Fundargerð framkvæmdastjórnar Skólaskrifstofu Austurlands.

Fundur haldinn 21. September 2011 í Hermes Reyðarfirði kl. 11:00. Mætt: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson.

Dagskrá fundarins.

1. Fjárhagsáætlun 2012
2. Aðalfundur SKA
3. Önnur mál

1. Forstöðumaður SKA lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2012. Í þeim drögum er gert ráð fyrir 4% hækkun framlaga en áætlunin verði með svipuðum halla og síðustu ár. Hækkunin er tilkomin vegna kjarasamninga frá því í vor og sumar. Til að mæta halla í áætluninni verði gengið á sjóð SKA sem er hugsaður á móti lífeyrisskuldbindingu. Nokkrar umræður urðu um áætlunina, hvort rétt væri að taka á hallanum að einhverju leyti í þessari áætlun eða síðar en fundarmenn voru sammála um að stefna að jafnvægi í fjárhagsáætlun fyrir árið 2013, en vísa drögunum til næsta stjórnarfundar.
2. Ákveðið var að boða til **aðalfundar á Reyðarfirði þann 28. október** næstkomandi. Jafnframt var ákveðið að boða til **stjórnarfundar SKA, fimmtudaginn 6. október kl. 13:00 á Egilsstöðum** í fundarsal Fljótssdalshéraðs.
3. Önnur mál.
Forstöðumanni falið að boða félagsmálastjóra Fljótssdalshéraðs og Fjarðabyggðar og Helgu Þórarinsdóttur starfsmann B-deildar SKA á næsta stjórnarfund til að kynna og fara yfir stöðuna í málefnum fatlaðs fólks.
Á næsta stjórnarfund verði hafin endurskoðun á samningi um Skólaskrifstofuna sbr. ákvæði í 12. grein samningsins frá 20. desember 2010.
Sigurbjörn sagði frá fundi sem haldinn var 16. september sl. með skólastjórnendum grunn- og framhaldsskóla á Austurlandi um samstarf skóla og sér í lagi um kynningu framhaldsskóla fyrir grunnskólanemendum og foreldrum þeirra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson